

lega. Jafnskjótt og maðurinn er lagstur útaf, fer um hann blíður ylur og streymir eftir æðunum (það er einmitt hleðslan, sem með þessum orðum er lýst): maður hreiðrar um sig í einhverri laut eins og lítið barn, og er á augabragði sokkinn niður í hinn dýpsta og undursamlegasta svefn, eins og steinn sekkur niður í brunn.“

Það er hin aukna samstilling, sem er orsök hins aukna hæfileika til að sofa, og magnast þannig af lífsorku. Og þó er sú samstilling, sem í herjum verðum, til andstillingar. Hæfileikinn til að magnast, þ. e. til sambands við æðri lífstöðvar, mundi aukast því meir, því síður sem magnast væri til andstillingar, og gæti aukist jafnvel svo, að dauðinn yrði sigraður, og einnig öll kvöl og þjáning. Og þetta er það mark, sem mannkyninu ber að stefna að. Allt mannkynið þarf að eignast sameiginlegt áhugamál, enda getur svo orðið. Og hvað ætti fremur að geta fyllt allar þjóðir einum áhuga, en að setja sér það mark, að hverfa af helvegi og á leið sigrandi, ávalt batnandi lífs.

5. Aukin pekking á alheimi og lífi.

I

Merkilegt ársrit hefi ég séð, sem heitir *Science in Progress* (Vísindi í framför), 1942. Er þetta 3. bindi og í því ritgerðir eftir ýmsa af fremstu vísindamönnum Bandaríkjanna; 2 hinar fyrstu eru eftir stjörnufræðingana Shapley og Hubble, en þeir munu vera í allrafremstu röð þeirra, sem einkum stunda rannsókn á sólnasveipum og stjörnuþokum utan Vetrarbrautarinnar. Telur Shapley, að fjarlægustu stjörnuþokur (vetrarbrautir), sem nú er vitað til, muni vera í 500 milljóna ljósára fjarlægð, og að á hnattmynduðu geimsvæði, sem er 1000 milljónir ljósára að þvermáli, megi gera ráð fyrir 100 milljónum slíkra sveipa, en um 200 000 milljónir sólna í hverjum (þar sem „þokan“ er orðin að sólum). Stjörnuheimurinn er alltaf að stækka og verða æ því furðulegri, sem menn kynnast honum betur. Með því furðuleg-

asta, sem stjörnufræðingarnir hafa athugað er það, þegar ljósmagn stjörnu eykst á skömmum tíma milljón sinnum, svo að hún skín eins mikið og 50 milljónir sólna slíkra, sem vor er, eða jafnvel ennþá meir. Miklu algengara er þó, að stjörnu aukist svo ljósmagn, að hún verði á við svo sem 10 000 sólir. Telur Shapley, að slíkir atburðir muni eiga sér stað nokkuð oft, og sé að rekja til breytinga í ytra borði sólstjörnu, eldgosa í mjög stórum stíl. Þarf ekki því að spryja, hvernig fara muni um líf á jarðstjörnum við sól, er þannig gýs. En þó að slíkir atburðir megi teljast vanalegir þættir í sögu hverrar sólstjörnu, hallast Shapley að þeirri skoðun, að öllu sé óhætt um vora sól, a. m. k. næstu þúsund árin. Vor sól er í stilltasta lagi, segir hann, og þó að eldarnir æsist á köflum, þá er aðeins um minni háttar atburði að ræða, þegar við sólgos er miðað, eldstrókarnir geysast í mesta lagi „aðeins“ 500 000 kílómetra upp frá yfirborði sólarinnar.

II

Miklar vonir gera menn sér um, að enn kunni að aukast stórkostlega þekkingin á stjörnuheiminum, þegar farið verður að nota 200 þumlunga stjörnusjána á Palomarfjalli, og er þess vonandi ekki langt að bíða, eða svo mundi a. m. k. ekki á friðartímum. Er stærsti stjörnuspegininn, sem nú er í notkun vestanhafs 100 þml. að þvermáli, en austan hafssins enginn svo stór.

En svo mikils, sem vænta má af stjörnusjánni á Palomarfjalli, þá er þó annað, sem ennþá miklu meir mundi verða til að auka oss þekkingu á alheiminum, og það eigi einungis á líflausum heimi, heldur einnig lífinu í alheimi. En það er að geta orðið aðnjótandi fræðslu þeirra vísindamanna, sem þúsundum sinnum meira vita um heiminn, heldur en jafnvel ágætustu stjörnufræðingar hér á jörðu. Og mundi það skjótt verða, ef menn vildu færa sér í nyt nokkra undirstöðuþekkingu, sem þegar er fengin, og lesendur mínir vita hver er.

Mun það þá sannast, að það eru engar ýkjur þegar ég segi, að ný jarðöld muni hefjast, þegar á vorri jörð verður

á vísindalegan hátt farið að stunda samband við lífið á stjörnunum. En það er, að nokkru leyti, líf þeirra, sem hér á jörðu hafa áður lifað. Og svo eiga á stjörnunum heima æðri verur, langtum furðulegri og meir megandi en guðir nokkurra trúarbragða, þó að þeir geti ekki til neinnar hlítar liðsinnt íbúum jarða, þar sem fáviskan er á því stigi, að ekki er vitað af þeim, en athafnir og hugarfar mest þannig, að umfram allt er stefnt til sambands við þær verur alheimsins, sem einungis eru máttugar í hinu illa. En að oss verður ekki hjálpað fyrr en náð er tilteknu lágmarki þekkingar og góðvildar, kemur af því hver nauðsyn er á þroska einstaklings-eðlisins. Því að þessi alheimslífheild (Hýperzón), sem er hið æðsta takmark, þýðir ekki það að einstaklingseðlið hverfi í heildinni, heldur er svo mjög á hinn veginn, að þessu takmarki verður ekki náð, ef ekki einstaklingurinn öðlast hinn æðsta þroska.

6. Munað og hugleitt.

Í sambandi við hálfrar aldar afmæli íslenska stúdentafélagsins í Kaupmannahöfn rifjaðist upp fyrir mér eitt og annað, sem síðan hefir orðið mér nokkurt umhugsunarefni. Skemmtilegasta kvöldið, sem ég man eftir í féluginu, áttum við Þorsteini Erlingssyni að þakka, er hann sagði þar ferðasögu sína, nýkominn heiman frá Íslandi. Aðeins í eitt skipti heyrði ég háskólann nefndan í því félagi, og var það Árni Beinteinn Gíslason, sem það gerði, vinur sra Bjarna Þorsteinssonar. Sagði Árni — ég man ekki í hvaða sambandi — að háskólinn væri „arkitektónískt ljót bygging“, og var ekki laust við að þetta vekti aðdáun mína, því að mér þótti sem það mundi bera vott um, að Á. B. hefði vit á byggingarlist, en ég var slíku viti gjörsneyddur. Seinna kom mér í hug, að það hefði þó verið ástæða til í félagi stúdenta, að segja sitt-hvað fleira um háskólann, og það jafnvel frá sérstaklega íslensku sjónarmiði. Háskólinn var kallaður alma mater (blíða móðir), en lítt virðist mér sem sú stofnun hafi átt það